

Skólaráð fundur 26. janúar 2021

Mætt: Elín Pálmadóttir, Magnús Máni Sigurgeirsson, Sigríður Hauksdóttir, Þórgunnur Reykjalin, Raket Matthíasdóttir, Ásdís María Freysdóttir, Guðrún Ingimundardóttir og Eyrún Tryggvadóttir

Fundarstjóri Þórgunnur Reykjalin

- Fjárhagsáætlun – er klár og sprungin en hljóðar upp á 516 milljónir, þarf strax að sækja um viðauka vegna launahækkana. Breytilegur kostnaður, sem skólinn hefur um að segja, er um 2,5%. Þarf að klára tvær skólastofur svo búið sé að endurnýja allt. Ekki gert ráð fyrir því í áætlun frekar en öðrum framkvæmdum. Einnig er kominn tími á sameiginleg svæði nemenda.
- Frístund – Skólastjóri sóttist eftir samstarf við Völsung fyrr í vetur með íþróttaskóla sem er inni í frístundinni og í beinum tengslum við starfið þar. Vel var tekið í það hjá Völsungi og er málið í skoðun.
- Mötuneyti – Fannar Emil Jónsson tók við sem forstöðumaður yfir mötuneyti skólans í haust og því er það ekki lengur á hendi skólastjóra eða Borgarhólsskóla. Fannar hefur verið að fara inn í bekki og halda fundi með nemendum til að bæta það sem betur má fara í samstarfi við þá.
- Innra mat – 2016-2019, Menntamálastofnun kom í heimsókn sjá á heimasíðu afrakstur þeirra mála. Innramatshópur skólans hefur verið að störfum og verið að vinna í langtímaáætlun. Stefnum á að verða framúrskarandi skóli.
- Öryggis- og viðbragðsáætlun Borgarhólsskóla – er í endurskoðun, unnið og tekið saman 2020 – 2021. Gæti átt við jafnt um tónlistarskólann þar sem hann er í hjarta skólans.
- Skra.atvik.is – kerfi frá VÍS þar sem öll slys eru skráð og næstum slys, ógn eða áreiti . Þarna safnast upplýsingar saman, sést hvar slysin eru að verða, safnast saman upplýsingar sem hægt er að vinna með til umbóta.
- Nemendur í skóla með fjölþættan vanda – regluverk í vinnslu eða verklagsreglur, hvaða leiðir er hægt að fara, skipurit, skólasóknarvandi og fleira þar inni.
- Allir hvattir til að setja á heimasíðuna, má líka minna á facebook.
- Skólastjóri á leið í námsleyfi, áform eru uppi um að auglýsa starfið til eins árs, námsleyfi frá 31. júlí 2021. Er að fara í nám í hagnýtri jafnréttisfræði.
- Stefnt á fund aftur fyrir vorið og gerð áætlun fyrir næsta vetur, 16. mars klukkan 17-18:30.
- Önnur mál
 - Rætt var um aukið samstarf Borgarhólsskóla og tónlistarskóla, t.d. hafa dagatöl verið samfléttuð, en þar spilaði covid stóran þátt sem jók samskipti á teams.
 - Hvað lærðum við af covid, kennara þurftu að skjótast upp á 21. öldina.

Ritari Sigríður Hauksdóttir